

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/923 2023/EES/30/44

frá 11. mars 2022

um leiðréttingu á sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2021/1189 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar framleiðslu á plöntufjölgunarefni úr lífrænt ræktuðum misleitum efnivið af tiltekinni ættkvísl eða tegund og setningu þess á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1189 ⁽²⁾ er villa í b-lið 3. mgr. 6. gr. að því er varðar ákvæði sem gilda um framleiðslu á plöntufjölgunarefni úr lífrænt ræktuðum misleitum efnivið af korntegundum og setningu þess á markað.
- 2) Því ætti að leiðrétta sænsku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2021/1189 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).**2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 160, 15.6.2022, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1189 frá 7. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar framleiðslu á plöntufjölgunarefni úr lífrænt ræktuðum misleitum efnivið af tiltekinni ættkvísl eða tegund og setningu þess á markað (Stjtið. ESB L 258, 20.7.2021, bls. 18.)